

Mánudaginn 27. nóvember 1995.

Nr. 382/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Agnesi Bragadóttur

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Vitni. Sakargögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 20. nóvember 1995, sem barst réttinum 21. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 20. nóvember sl., þar sem hafnað er beiðni varnaraðila um að fá afhent fram lögð rannsóknargögn, en hún hefur verið yfirheyrð hjá sóknaraðila sem vitni í RLR-máli nr. 3455/95, sem enn er á rannsóknarstigi. Krefst varnaraðili þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi og héraðsdómara gert skylt að afhenda lögmanni varnaraðila ljósrit af öllum þeim gögnum, sem fram eru lögð í dóminum.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

I.

Í skjölum málsins kemur fram, að varnaraðili hefur neitað að svara spurningum við lögreglurannsókn, sem beinist að ætluðu broti á þagnarskyldu samkvæmt 43. gr., sbr. 100. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hafi sóknaraðili þá beiðst þess, að varnaraðili yrði kvaddur fyrir dóm til að svara þessum spurningum, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 19/1991. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 74. gr. sömu laga voru rannsóknargögn í máli nr. 3455/95 send með beiðninni, til að dómari gæti kynnt sér forsendur og tilefni vitnaleiðslunnar. Sóknaraðili telur sig hins vegar ekki hafa lagt gögnin fram í málinu.

II.

Varnaraðili lýsti yfir kæru til Hæstaréttar þegar eftir uppkvaðningu úrskurðar héraðsdóms. Með bókun í þingbók lýsti hún þeirri

afstöðu sinni, að meginregla réttarfars um jafnræði aðila fyrir dómi leyfi ekki, að annar aðili réttarágreinings fái að leggja fram skjöl, sem haldið sé leyndum fyrir hinum aðilanum. Við slíka framkvæmd sé réttur hins síðarnefnda til andmæla skertur verulega. Engar réttarfarsnauðsynjar réttlæti slíkt brot gegn jafnræði málsaðila. Í greinargerð sinni hér fyrir rétti segir varnaraðili, að eina skjalið í málinu, sem hún hafi fengið í hendur, sé bréf sóknaraðila til Héraðsdóms Reykjavíkur frá 7. nóvember sl. Segir varnaraðili þar jafnframt, að hún telji, að mál þetta fari eftir meginreglum um meðferð einkamála. Hér standi svo á, að einungis sé tekist á um skyldu varnaraðila til að gefa upplýsingar. Unnt sé að skera úr þeim ágreiningi, án þess að öll rannsóknargögn málsins komi henni við. Inn í málið eigi ekki önnur gögn erindi en þau, sem varða þetta afmarkaða efni. Þau gögn hljóti að vera aðgengileg báðum málsaðilum. Sé þetta ekki tryggt, sé verið að heimila úrlausn réttarágreinings fyrir dómi án aðgangs annars málsaðilans að gögnum, sem varði þann ágreining.

Sóknaraðili byggir á því, að málið snúist um vitnaskyldu varnaraðila. Framburður hennar sé liður í frumrannsókn máls, og ákvæði dómari, hvaða gögn hann kynni varnaraðila og hvenær. Bendir hann á 3. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991, sem hann telur eiga hér við.

III.

Í skýrslu varnaraðila hjá sóknaraðila 6. nóvember sl. er bókað, að varnaraðili sé þar við sem vitni. Henni sé kynnt vitnaskylda og vitnaábyrgð. Í engu er þess getið, að hún geti haft réttarstöðu sakbornings og þar með vikið sér undan því að svara spurningum. Við skýrslutöku í Héraðsdómi Reykjavíkur 17. nóvember sl. er oftinnis vikið að varnaraðila sem vitni fyrir dóminum.

Í VI. kafla laga nr. 19/1991 er fjallað um sakborning og verjanda hans. Meðal þeirra reglna, er lúta að réttarstöðu sakbornings, er ákvæði 1. mgr. 43. gr., en samkvæmt því skal verjandi hans, jafn-skjótt og unnt er, fá til afnota endurrit af öllum skjölum, sem málið varða. Þessi regla er þáttur í því jafnræði milli aðila máls, sem leitast er við að tryggja með lögnum. Sú réttarfarsnauðsyn um jafnræði, sem þar býr að baki, er ekki fyrir hendi milli aðila og vitnis. Ekki er

að finna reglu um skyldu til afhendingar rannsóknargagna til vitna í þeim ákvæðum laganna, er þau varða.

Að þessu virtu verður ekki fallist á kröfu varnaraðila, og verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. nóvember 1995.

Ár 1995, mánudaginn 20. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

I.

Talsmaður Agnesar Bragadóttur, blaðamanns hjá Morgunblaðinu, hefur farið þess á leit, að honum verði afhent ljósrit gagna máls nr. R-190/1995, sem lögð hafa verið fram í dómnum.

II.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 7. þ. m., hefur Rannsóknarlögregla ríkisins farið þess á leit með skírskotun til 74. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Agnes Bragadóttir, blaðamaður hjá Morgunblaðinu, verði kvædd fyrir dóminn til að gefa vitnaskýrslu um ætlað brot á þagnarskyldu skv. 43. gr., sbr. 100. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í RLR-máli nr. 3455/95. Beiðnin er fram sett vegna opinberrar rannsóknar, er beinist að því að upplýsa, hvort blaðamaðurinn hafi við ritun greinaflokks, er birtist í Morgunblaðinu dagana 25., 26., 28. og 29. mars sl., um endalok Sambands íslenskra samvinnufélaga reist skrif sín á trúnaðarupp lýsingum, sem ætla má, að maður, sem bundinn er þagnarskyldu samkvæmt lögum nr. 43/1993, hafi látið blaðamanninum í té. Í greinaflokki þessum var meginumfjöllunarefnið, hvernig Landsbanka Íslands tókst að leysa upp viðskiptaveldi Sambandsins, án þess að bankinn yrði fyrir milljarðatapi.

Er málið var tekið fyrir 17. þ. m., óskaði talsmaður Agnesar Bragadóttur eftir að fá afhent ljósrit af gögnum málsins, sem lögð voru fram í dómnum. Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins var ósk talsmannsins andmælt og bent á, að verið væri að fjalla um vitnaskyldu og að vitnið þyrfti ekki öll gögn máls til að taka afstöðu til þess, hvort það skoraðist undan að bera vitni. Bent var á, að í málinu væri að finna trúnaðarskjöl. Um væri að ræða lið í frumrannsókn máls. Dómari ákvæði, hvaða gögn hann kynnti vitninu og hvenær.

Talsmaður Agnesar Bragadóttur benti á, að teldi rannsóknari þörf á að leggja fram skjöl í dóminum vegna kröfu sinnar um vitnisburð, hlyti sá aðili, sem mótmælti vitnisburðinum, að eiga kröfu til óhindraðs aðgangs að öllum þeim skjölum. Væri um að ræða skjöl, sem rannsóknari teldi, að skiptu ekki máli fyrir skylduna til vitnisburðar, væri það ágreiningslaust, að rannsóknari tæki þau til baka og að þau lægju ekki frammi í málinu.

III.

Eitt af nýmælum laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er, að verjandi sakbornings skuli, jafnskjótt og unnt er, fá til afnota endurrit af öllum skjölum, sem málið varða. Um þetta er fjallað í 1. mgr. 43. gr. laganna, og tekur ákvæðið einnig til frumrannsóknar máls. Óheimilt er hins vegar skv. þessari sömu lagagrein að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum efni þess, nema dómari eða rannsóknari samþykki. Sem fyrr greinir, er um nýmæli að ræða, en fram að gildistöku laga nr. 19/1991 urðu réttargæslumenn sakaðra manna að sæta því að hafa ekki aðgang að rannsóknargögnum máls, meðan á frumrannsókn stóð. Sambærilegt ákvæði því, sem nefnt var, er ekki að finna í lögnum varðandi vitni. Þar sem ekki er til að dreifa beinu lagaákvæði hér að lútandi, telur dómurinn, að heimild bresti til að verða við framangreindri beiðni talsmanns vitnisins Agnesar Bragadóttur. Verður beiðinnar því synjað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Beiðni talsmanns vitnisins Agnesar Bragadóttur þess efnis, að hann fái afhent fram lögð gögn máls nr. R-190/1995, er synjað.
